



# Fjölmenningardagur Fjölmenningarþing

Kynning

mannréttinda-, nýsköpunar- og  
lýðræðisráð

8. apríl 2021



# Fjölmenningardagur 2009-2017

- Reykjavíkurborg kemur fyrst að verkefninu árið 2009.
- Fjölmenningardagurinn haldinn í maí mánuði
- Árið 2009 til ársins 2015 var hátíðin haldinn í Ráðhúsi, Iðnó og Tjarnarbíói en vegna mikilla þrengsla á hátíðinni var atburðurinn færður í Hörpu árið 2016.
- Á árunum 2016 og 2017 voru gestir á milli 15 til 20 þúsund manns.
- Verkefnið alfarið unnið af starfsfólki mannréttindaskrifstofu.
- Beinn kostnaður áætlaður ein milljón.



Fögnum fjölbreytileikat!

# Fjölmeningardagur

## Multicultural Day

28. maí í Hörpu

[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) [www.facebook.com/fjolemenningardagur](https://www.facebook.com/fjolemenningardagur)



# FJÖLMENNINGARDAGUR

## MULTICULTURAL DAY

### 10. MAÍ 2014

13.00 Skrálganga frá Hallgrímskirkju – Parade from Hallgrímskirkja  
 13.30-17.00 Markaður í Ráðhúsi Reykjavíkur – Market at City Hall  
 14.30-17.00 Skemmtidagsskrá í Tjarnarbíó – Live entertainment at Tjarnarbíó  
 14.00-17.00 Barnskemmtun í Ífönd – Entertainment for kids at Ífönd  
 20.00-22.00 Leikmynd/Theatre Ragnarök: The end of the world at Tjarnarbíó

Óg margt margt fleira, fylgist með á:  
[www.reykjavik.is/fjolemenningardagur](http://www.reykjavik.is/fjolemenningardagur)

[fjolemenningardagur](https://www.facebook.com/fjolemenningardagur)

# Fjölmeningardagurinn í Reykjavík

## 16. maí

### Intercultural Day in Reykjavik

13:00  
**Fjölpjóðlega gangan**  
 fyrir friði og einingu fer af stað frá Hallgrímskirkju.  
**The Multicultural Parade**  
 for Peace and Unity starts from Hallgrímskirkja.

14:00 – 17:00  
**Fjölmenningshátíð**  
 í Ífönd og Ráðhúsinu.  
 Tónlist, söngur, dans og fleira.  
**Intercultural festival**  
 in Ífönd and City Hall.  
 Music, singing, dancing and more.

**Þetta er okkar dagur**  
 Gerum hann eftirminnilegan!

**This is our day**  
 Let's make it one to remember!

Reykjavík borg  
 byggt með öðli!

# FJÖLMENNINGARDAGUR

## MULTICULTURAL DAY

### 9. MAÍ 2015

[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) [www.facebook.com/fjolemenningardagur](https://www.facebook.com/fjolemenningardagur)





# Hugmyndafræði og áherslur breytast

Þátttakendur á fjölmeningarþingi 2017 voru spurðir í stuttri könnun hvort þeir teldu núverandi fyrirkomulag fjölmeningardagsins endurspegla nægjanlega vel áhrif og þátttöku innflytjenda í samfélaginu.

Af þeim (25 af 53) sem svöruðu eða 47% töldu fjölmeningardaginn ekki vera að ná tilætluðum markmiðum í núverandi mynd eða töldu sig ekki vita hvort svo væri.

Þá töldu (40 af 53) eða 75% ástæðu til að beina frekar kröftum og fjármagni í að styðja við þátttöku innflytjenda í öðrum viðburðum og hátíðum borgarinnar.

2010

Markmiðið með hátíðahöldunum er að fagna þeirri fjölbreyttu menningu sem borgarsamfélagið býður upp á. Yfirskrift Fjölmeningardags Reykjavíkurborgar að þessu sinni er: *Reykjavík – borg fjölbreytni og gleði*. Glæsileg dagskrá er í boði sem miðar að því að allir fái notið sín og fjölmeningin blómstri.

2017

Fjölmeningardagur Reykjavíkur endurspeglar ákveðin velvilja í garð fjölbreytni og fjölmeningar. Hætta er þó á að núverandi áherslur dagsins ýti undir einsleitar staðalímyndir innflytjenda. Áherslur fjölmeningardags hafa að miklu leyti einskorðast við þjóðleg formerki s.s. búninga-, dans- og matarmenningu ákveðinna hópa.



# Hvað og hvernig?

- Haustið 2017 er lagt til að fjölmeningardagur verðir færður til menningar og ferðamálasviðs og er MOF falið er veita borgarráði umsögn um slíkt á fundi ráðsins 13. nóvember 2017.
- Á fundi mannréttindaráðs þann 13. mars 2018 var eftirfarandi tillaga samþykkt; Mannréttindaráð samþykkir að fjölmeningardagur Reykjavíkur verði haldinn ágúst/september ár hvert í stað viðburðar í maí. Nýju mannréttindaráði og fjölmeningarráði falið að útfæra hugmyndir að viðburðinum.
- Fjölmeningarráð leggur fram tillögu í september 2018 að mannréttindaskrifstofa hefji undibúning að viðburði sem endurspegli margbreytileika í anda “ En by for alle“ í Kristiansand.
- Fulltrúi frá Kristiansand kemur og kynnir verkefnið í janúar 2019. Ekki næst samstaða til að halda slíkan viðburð.
- Ekki verið haldið frá vori 2018 – óvíst um framhaldið



# Fjölmenningarþing


Fjölmenningarþing haldin árið 2010, 2012, 2014, 2017 og 2018





# Niðurstöður gefnar út og kynntar

- Niðurstöður kynntar fyrir öllum fagráðum eftir að þingin voru haldin.
- Ábendingar sendar til stofnana ríkisins um hvað mætti betur fara.
- Árið 2020 var þingið ekki haldið vegna Covid.





# Umræður og vangaveltur

## Fjölmenningardagur

Er ástæða til að halda slíkan viðburð?

Hvernig gerum við fjölmenningu sýnilegri í viðburðum borgarinnar.

Er hægt að kortleggja þátttöku innflytjenda í menningu betur?

Hvað vill fjölmenningasamfélagið?

## Fjölmenningaþing

Á að tengja þennan viðburð fundi borgarstjórnar með fjölmenningarráði.

Á aðeins að ræða málefni borgarinnar?

Á að fá fleiri aðila til að koma með borginni í slíkt samtal t.d. með því að halda innflytjendaþing ásamt ríki?

Hvernig væri hægt að tengja samtalið við þau málefni sem brenna á innflytjendum?





# Bókun fjölmeningarráðs 8.3.2021

Fjölmeningarráð þakkar fyrir kynningu á fjölmeningardegi og fjölmeningarþingi Reykjavíkurborgar. Í takt við fjölmeningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var einróma í borgarstjórn þann 17. september 2020, er lögð rík áhersla á að fjölbreytileiki og virk þátttaka á öllum sviðum samfélagsins eru undirstaða jákvæðrar þróunar. Því er ljóst að þessir viðburðir munu verða haldnir í breyttri mynd til framtíðar.

Fjölmeningarráð í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu mun skipuleggja viðburð haustið 2021, í samstarfi við hagsmunaaðila ríkis og borgar sem sinna þjónustu og upplýsingagjöf til innflytjenda sem og við grasrótarsamtök á þeirra forsendum. Kemur þá til greina að fjalla á árinu 2021 sérstaklega um upplýsingagjöf til innflytjenda og hvernig er best hægt að tryggja aðgengi að henni. Um er að ræða viðburð sem undirstrikar að borgarsamfélagið byggir á inngildingu (e. inclusion) allra, frekar en einhliða aðlögun.